

Blandað lið Selfoss bikarmeistarar 2022



Ungt og efnilegt fimleikafólk hjá Ungmennafélagi Selfoss. Mynd: UMFS

Bikarmót í hópímleikum fór fram í Dalhúsum í Grafarvogi um nýliðna helgi. Fimleikadeild Selfoss sendi þrjú lið á mótið. Á laugardag mættu stúlurnar í 2. flokki til keppni. Liðið er ungt og efnilegt og er að stíga sín fyrstu skref í 2. flokki. Þær stóðu sig mjög vel og sýndu flottar æfingar og enduðu í 2. sæti með 47,795 stig, sem er frábær árangur, rúmum 2 sigum á eftir liði Stjörnunnar.

Á sunnudag mættu til leiks meistaraflokkar félagsins, kvennalið og blandað lið. Kvennaliðið var að keppa á sínu fyrsta móti í meistaraflokki þar sem þær misstu af síðasta móti vegna veðurs. Kept var eftir nýjum Evrópureglum og endaði ungt lið Selfoss í 3. sæti með 42,110 stig en þær eiga heilmikið inni og verður spennandi að fylgjast með þeim á komandi mótum. Blandaða liðið er einnig ungt og efnilegt. Þau sýndu flottar æfingar og eru bikarmeistarar 2022. Meistaraflokkar fimleikadeildar Selfoss vilja koma á framfæri þakklæti til styrktaraðila sinna.

Mótinu var sjónvarpað og er hægt að horfa á endursýningu undir RÚV.

Virkilega flottur árangur hjá þessu unga og efnilega fimleikafólki.

Knattspyrnufélagið Uppsveitir hljóta grasrótarverðlaun KSÍ

Grasrótarverðlaun KSÍ eru veitt sem viðurkenning fyrir starf að grasrótar-málum í knattspyrnu. Verðlaunin, sem eru afhent í aðdraganda ársþings KSÍ ár hvert.

Grasrótarverðlaun KSÍ fyrir árið 2021 í flokknum Grasrótarfélag ársins hljóta Uppsveitir fyrir frábært uppbyggingarstarf í knattspyrnu barna og unglunga. Það voru þeir Gústaf Sæland og Sólmundur Magnús Sigurðarson frá Uppsveitum sem tóku við verðlauninum frá formanni KSÍ, Vöndu Sigurgeirsdóttur.

Félagið Uppsveitir (IBU) var stofnað árið 2019 með það fyrir augum að lyfta

íþróttastarfi í Uppsveitum Árnassýslu á hærra plan og veita iðkendum tækifæri á fleiri æfingum og möguleikum á að keppa í sinni íþrótt. Uppsveitir halda úti knattspyrnuæfingum fyrir börn og unglunga í Árnesi, Borg, Brautarholti, Flúðum, Laugarvatni og Reykholti.

Í verkefninu „Komdu í fótbolta“ síðasta sumar heimsótti Moli fimm af þessum stöðum og komu alls 95 börn og unglingar til að hitta hann og leika sér í fótbolta. Ánægjan og gleðin skein af andlitum allra sem komu að heimsóknunum, hvort heldur það voru börnin, þjálfararnir eða foreldrarinnir.



Vanda Sigurgeirsdóttir, formaður KSÍ, ásamt Gústafi Sæland og Sólmundi Magnúsi Sigurðarsyni frá Uppsveitum. Mynd: Aðsend.

**Fáðu
fagmann
í verkið**

**PÍPULAGNIR
HELGA**

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656



JÖTUNN

Austurvegi 69 // 800 Selfoss // 480 0400 // jotunn.is // jotunn@jotunn.is



Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónustu
Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keyrsla@keyrsla.is - www.keyrsla.is - f /keyrsla.is



Auglýsing um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg



Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar eftirfarandi tillögur deiliskipulagsáætlanna.

1. Deiliskipulagsbreyting - Engjaland 2-4

Bæjarstjórn Árborgar samþykkti á fundi sínum þann 16. febrúar 2022 að auglýsa deiliskipulagsbreytingu að Engjalandi 2 og 4 Selfossi. Breytingin felur í sér hækkun húsa um eina hæð þannig að heimilt verði að byggja 4. hæða hús í stað 3. hæða á lóðunum. Einnig er óskað eftir fjölgun íbúða á hvorri lóð um 2 íbúðir. Megin ástæða hækkunar er að gert verður ráð fyrir að koma fyrir bílageymslum á hluta af 1. hæð húsanna.

2. Deiliskipulagsbreyting - Íþrótt- og útivistarsvæði - Frístundamiðstöð

Bæjarstjórn Árborgar samþykkti á fundi sínum þann 16. febrúar 2022 að auglýsa deiliskipulagsbreytingu á íþrótt- og útivistarsvæði Selfoss v. fyrirhugaðrar byggingar frístundamiðstöðvar. Grunnhugmynd sveitarfélagsins er að búa til aðstöðu og umhverfi til að bæta frístundaþjónustu við íbúa og bjóða upp á enn fjölbreyttari möguleika en standa nú til boða. Með byggingu frístundamiðstöðvar verður til aðstaða fyrir frístundastarf án aðgreiningar, þar sem mismunandi hópar barna og fullorðinna koma saman og veita hvort öðru stuðning og fræðslu. Deiliskipulagsbreytingin gerir m.a. ráð fyrir að komið verði fyrir byggingarreit undir byggingu nýrrar frístundamiðstöðvar ásamt því að gera grein fyrir aðkomu að henni.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, Selfossi. Að auki er hægt að nálgast tillögurnar á heimasíðu Sveitarfélagsins Árborgar á vefslóðinni www.arborg.is

Tillögurnar eru auglýstar með athugasemdafresti frá 02.03.2022 til og með 13.04.2022. Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar, og er frestur til að skila inn athugasemdum til 13.04.2022.

Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, 800 Selfossi, eða netfangið skipulag@arborg.is

Virðingarfyllt,
Anton Kári Halldórsson
 skipulagsfulltrúi

Kæru vinir og félagar!

Undanfarna mánuði hef ég hitt margt fólk sem hefur áhuga á framskiptum og vexti Hveragerðis. Í þessum samtölum hefur fólk deilt með mér sýn á það hvernig við viljum sjá framtíð og stjórn bæjarins þróast og hvernig við viljum bæta þjónustu á komandi árum. Í kjölfar þessara samtala, og í ljósi þess að til mín hefur verið leitað af breiðum hópi fólks sem ég er mjög þakklát fyrir, hef ég ákveðið að gefa kost á mér í 1. sæti lista Framsóknar í Hveragerði fyrir komandi sveitarstjórnarkosningar.

Ég hef mikinn áhuga á samfélagsmálum og þykir mikilvægt að geta lagt mitt af mörkum. Á núverandi kjörtímabili kom ég inn sem varabæjarfulltrúi og bæjarfulltrúi frá árinu 2020. Undanfarin fjögur ár hef ég setið í umhverfisnefnd bæjarins og er jafnframt varamaður í skipulags- og mannvirkjanefnd. Áður sat ég í bæjarstjórn Hveragerðisbæjar 2010-2014.



Það hefur legið vel fyrir mér að vinna með fólki á ólíkum vettvangi. Hef ég m.a. unnið að málefnum fatlaðs fólks og starfað á sviði fræðslu, æskulýðs og menntamála. Hef stýrt verkefnum á vegum stjórnmalanna og tekið að mér framkvæmdastjórn á sviði æskulýðsmála Þjóðkirkjunnar. Ég er skrifstofustjóri Framsóknar, er með BA- próf í guðfræði, diploma í kennslu-

fræði og lokið námi í verkefnastjórnun og leiðtogaþjálfun. Ég er formaður skólanefndar Fjölbautaskóla Suðurlands og hef tekið virkan þátt í sjálfböðavinnu á sviði íþrótt- og menningarmála sem og annarra trúnaðarstarfa.

Síðla árs 2007 flutti ég í Hveragerði frá Selfossi þar sem ég er fædd og uppalin. Í Hveragerði er afar gott að búa og hér hef ég verið svo lánsöm að ala upp syni mína þrjá.

Hveragerði er bær í örum vexti og því mikilvægt að uppbygging innviða og þjónusta við íbúa haldist sem best. Jafnframt að okkur takist að varðveita þá bæjarmynd sem við nú þegar höfum og er okkur nær. Ég vil leggja áherslu á góða samvinnu og opið og virkt samtal um það hvernig við í sameiningu gerum Hveragerði að betri bæ.

Það eru áhugaverðir tímar fram undan.

Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir

Samvinna til farsældar í Árborg

Samfylkingin í Árborg hefur tekið þátt í að fylkja saman fólki úr fjórum hreyfingum sem myndað hafa meirihluta í bæjarstjórn Árborgar á því kjörtímabili sem lýkur í vor. Samstarfið hefur gengið mjög vel, skoðanir stundum verið skiptar, en alltaf viljinn til að sættast á sameiginlega lausn. Þannig á lýðræði að virka. Fólk kemur sitt úr hverri áttinni með mismunandi hugmyndir og áherslur og ber það traust og virðingu fyrir hvert öðru að geta náð saman um lausnir.

Það er ekkert erfiðara fyrir 5 manneskur úr 4 flokkum að vinna saman, heldur en fyrir

5 manneskur úr jafnmörgum flokkadráttum í einum flokki. Svo er það bara svo miklu heilbrigðara að fá að borðinu fólk sem endurspeglar mikla breidd og veitir hvert öðru aðhald, heldur en einsflokks ráðríki.

Nú hefur verið samþykkt að fjölga bæjarfulltrúum í Árborg úr 9 í 11, í samræmi við lög um fjölda bæjarfulltrúa þar sem íbúar eru fleiri en 10.000. Samfylkingin hlakkar til að takast á við það verkefni á nýju kjörtímabili að vinna áfram með fólki sem kemur úr mismunandi stjórnmálahreyfingum og hvetur til breiðrar samfylkingar áfram í Árborg.

Soffía Sigurðardóttir

Formaður Samfylkingarinnar í Árborg og nágrenni



Við erum núna að taka á móti fólki sem vill gefa kost á sér í framboð fyrir Samfylkinguna og endanlegur listi verður samþykktur á félagsfundinum síðar í mars. Nú er tækifæri til að gefa kost á sér, til að koma með tilnefningar og til að ganga í Samfylkinguna og hafa þar áhrif.

Sveitarstjórn mótmælir lokun pósthúss

Nú fyrr í mánuðinum tilkynnti Íslandspóstur ohf að breytingar á pósthjónustu séu í farvatninu í Rangárbæ ytra. Loka eigi pósthúsinu á Hellu og pósthólf, pósthólf og heimsendingar verði þjónustuform Póstsins frá og með 1. maí nk. Í kjölfar fregna af þessu hafa fulltrúar sveitarstjórnar Rangárbæ ytra fundað með yfirstjórn Íslandspósts ohf og þingmönnum suðurkjördæmis. Þar hefur sveitarstjórn ítrekað bókun sína frá síðasta sveitarstjórnarfundinum.

„Sveitarstjórn Rangárbæ ytra mótmælir harðlega fyrirhugaðri lokun pósthúss á Hellu og krefst þess að ríkisfyrirtækið Íslandspóstur ohf dragi þessar fyrirlætanir til baka. Sjálfsafgreiðsla með pósthólfi og heimsendingum er auðvitað í takt við tímann og getur verið ágæt þjónusta út af fyrir sig en pósthúsið er áfram mikil-



væg lífæð almennrar þjónustu í hverju samfélagi. Við mótmælum einnig kröftuglega að störf séu færð til og að eina tilboð Íslandspósts ohf til núverandi starfsfólks pósthússins hér sé boð um að sækja vinnu í næstu byggðalög. Störf án staðsetningar hljóta að koma til greina til eflingar starfsstöðvar Póstsins hér á Hellu auk þess sem pósthólf sem nú eiga að taka að stærstum hluta við hlutverki pósthúss hljóta að geta átt

sína heimastöð hér í stað þess að gera ávallt út frá dreifingarmiðstöð í næsta byggðarlagi. Sveitarstjórn Rangárbæ ytra hvetur forsvarsfólk Póstsins eindregið til að endurmeta þessa ákvörðun.“

Bókunin þessi var send stjórn Íslandspósts ohf, þingmönnum kjördæmisins og Byggðastofnun sem er eftirlitsaðili með þjónustu fyrir-tækisins.

-Rangárbæ ytra



PEYSUDAGAR

**AFSLÁTTUR AF ÖLLUM PEYSUM FRÁ
MIÐVIKUDEGI 2. MARS TIL 7. MARS**

AFSLÁTTARKÓÐI Á VEFVERSLUN: Peysur20

LAGERHREINSUN - GERIÐ FRÁBÆR KAUP

LINDIN

TÍSKUVERSLUN

Eyravegi 29 · Selfossi · Sími 482 1800

TISKUVERSLUN.IS



Við erum sérfræðingar í prentun bóka,
almennu prentverki og framleiðslu umbúða.
Öll framleiðsla fer fram á Íslandi.



Umbúðir



Almenn prentun



Bækur



Límniðar



Stimplar



📍 Eyravegi 25, 800 Selfoss 📞 482 1944 📧 selfoss@prentmetoddi.is

Íbúafundur vegna Hvammsvirkjunar

Haldinn verður íbúafundur í félagsheimilinu Árnesi
priðjudaginn 8. mars kl 20 á vegum Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Á fundinum mun Landsvirkjun kynna starfsemi sína á Þjórsársvæði
og áform um Hvammsvirkjun. Á fundinum verða fulltrúar frá Landsvirkjun og
sveitarfélaginu Skeiða- og Gnúpverjahrepp. Fundarstjóri verður Sigurður Loftsson.

Íbúar og aðrir hagsmunaaðilar geta sent inn spurningar varðandi virkjunina,
framkvæmd hennar og annað sem brennur á fólki, inn á netfangið
skrifstofa@skeidgnup.is fyrir miðvikudaginn 2. mars.



Skeiða- og
Gnúpverjahreppur



Ægir samþykkir framboðslista sinn

Sjálfstæðisfélagið Ægir hefur samþykkt framboðslista Sjálfstæðisflokks, D-listans fyrir komandi sveitastjórnarkosningar í Sveitarfélaginu Ölfusi þann 14. maí næstkomandi.

Á listanum er fjölbreyttur hópur fólks með víðtæka þekkingu og reynslu úr ólíkum áttum. Mikil endurnýjun er á listanum en einnig er þar að finna reynslumikla einstaklinga á sviði sveitarstjórnarmála sem hafa komið að ábyrgri stjórnun þess seinustu árin.

Á listanum eru frambjóðendur bæði úr Þorlákshöfn og dreifbýli Ölfuss. Margir eru fæddir og uppaldir í sveitarfélaginu en einnig eru í framboði einstaklingar sem flutt hafa í sveitarfélagið á síðustu árum.

Framboðslistinn verður sem hér segir:

Gestur Þór Kristjánsson, 49 ára, húsasmiðameistari og forseti bæjarstjórnar
Sigurbjörg Jenný Jónsdóttir, 29 ára, bóndi og viðskiptafræðingur
Grétar Ingi Erlendsson, 38 ára, sölu- og markaðsstjóri og formaður bæjarráðs
Erla Sif Markúsdóttir, 33 ára, grunnskólakennari í Grunnskólunum í Þorlákshöfn

Guðlaug Einarssdóttir, 45 ára, grunnskólakennari í Grunnskólunum í Þorlákshöfn
Geir Höskuldsson, 31 árs, byggingaiðnfræðingur
Davíð Arnar Ágústsson, 25 ára, kennarar og körfuknattleiksleikmaður

Margrét Polly Hansen Hauksdóttir, 40 ára, hóteltjórmandi og frumkvöðull
Sigríður Vilhjálmsdóttir, 38 ára, lögfræðingur og formaður fræðslunefndar
Hjörtur Sigurður Ragnarsson, 33 ára, sjúkrahjálpari
Betty Grímsdóttir, 48 ára, hjúkrunarfræðingur
Oskar Rybinski, 19 ára, nemi og starfsmaður í félagsmiðstöð
Steinar Lúðvíksson, 38 ára, sérfræðingur hjá Landsvirkjun
Anna Lúthersdóttir, 79 ára, heldri borgari

Bæjarstjóraefni flokksins verður Elliði Vignisson.

D-listinn hefur nú skipað meirihluta í hart nær fjögur ár. Undir hans stjórn hefur Sveitarfélagið Ölfus vaxið og dafnað. Velferð íbúa ásamt uppbyggingu í innviðum með áherslu á atvinnumál hafa verið í forgangi. Umfjöllun um sveitarfélagið



hefur verið mikil og má með sannni segja að það hafi verið á allra vörum vegna þess krafts sem þar er að finna. Aldrei hafa verið fleiri íbúar, mikill kraftur er í byggingum bæði íbúðarhúsnæðis og iðnaðarhúsnæðis, höfnin er að stækka mikið, atvinnutækifærum að fjölga og þjónusta hefur verið aukið með áherslu á börn, fjölskyldur og eldri borgara. Íbúar vita því fyrir hvað D-listinn stendur og fái frambjóðendur til þess umboð munu þeir stíga en fastar fram í sókn fyrir samfélagið.

Á næstu vikum verður listinn kynntur nánar auk þess sem opnir málefnafundir verða haldnir þar sem öllum íbúum sveitarfélagsins gefst kostur á að koma hugmyndum sínum á framfæri.

Öflugt forvarnarstarf er lykill að árangri og aukinni vellíðan

Í Sveitarfélaginu Árborg er í starfandi Forvarnateymi sem ber ábyrgð á skipulagningu og framkvæmd forvarnastarfs fyrir íbúa á öllum aldri í samræmi við markaða stefnu í forvarnamálum á hverjum tíma. Í Forvarnateymi Árborgar sitja fulltrúar frá fjölskyldusviði, leik-, grunn-, og framhaldsskólum, heilbrigðisþjónustu, lögreglu og foreldrafélögum grunnskólanna.

Í lok árs 2021 var stofnaður aðgerðahópur með fjórum fulltrúum úr Forvarnateyminu. Hópurinn sér um undirbúning og utanumhald á fræðslu á vegum sveitarfélagsins. Lögð er áhersla á að fræðsla hefjist strax á fyrstu árum barnsins og að fræðslan byggist á gagnreynndum aðferðum.

Teymið hefur sett upp forvarnadagskrá fyrir árið 2022 sem inniheldur meðal annars fræðslu um hinseginmálefni, vímuefni, svefn, lýðheilsu,

kvíða, net- og tölvunotkun ásamt fleiru. Upplýsingabæklings um forvarnadagskránnar má finna undir „Forvarnir“ á www.arborg.is. Einnig eru í boði 8 fræðslur á samskiptaforritinu TEAMS sem eru opnar öllum íbúum í Árborg. Þær fræðslur eru frekar miðaðar að fullorðnum og eru auglýstar nánar á www.arborg.is.

Hér má sjá drög að dagskrá fyrir fræðslufyrirlestra TEAMS árið 2022:

- 15. mars - Vímuefnafræðslan Veldu
- 5. apríl - Netnotkun og tölvuhegðun barna, Eyjólfur Örn Jónsson
- 26. apríl - Svefn ungbarna og barna, Hafdís Guðnadóttir, ljósmóðir
- 20. september - Ofbeldi ungmenna, Lögreglan | Tilkynningarskylda, fulltrúi úr Barnavernd Árborgar
- 25. október - Orkudrykkj-

anotkun ungmenna, Pálmar Ragnarsson

29. nóvember - Mikilvægi samveru fjölskyldunnar, Theodór Francis

Munum öll að forvarnir eru ekki einkamál, við höfum öll sameiginlegra hagsmuna að gæta. Forvarnir eru fjárfesting til framtíðar.

Frekari upplýsingar um forvarnir í Sveitarfélaginu Árborg má finna inn á www.arborg.is

Aðgerðahópur forvarnateymis Árborgar,
Gunnar Eysteinn Sigurbjörnsson, frístunda- og forvarnarfulltrúi
Dagbjört Harðardóttir, forstöðumaður frístundahúss
Díana Gestsdóttir, lýðheilsufulltrúi
Inga Þórs Yngvadóttir, unglinga- og ungmennaráðgjafi



Ég þakka.....fyrir áskorunina og tek henni að sjálfsögðu. Ég ætla að gefa ykkur uppskrift af dásamlegum kjúklingarétt. Næringaríkur og saðsamur.

PESTO KJÚLLI ALA TELMA.

4x Kjúklingabringa

2 krukkur Rautt pesto

¾ poki Spínat

Lítill krukka Fetaostur

1 poki ristaðar furuhnetur

Bankabygg eða hrísgrjón

Ferskt salat. Salat blandað með rucola, kirsuberjatómatar, bláber og avacado



Gunnar Már er Matgæðingurinn þessa viku

Aðferð.

Hitið ofninn í 180

Ristið furuhnetur á pönnu í nokkrar mínútur og setjið til hliðar.

Sjóðið hrísgrjón eða bankabygg

Skerið spínat og setjið í skál ásamt pestóinu, fetaostinum (ég nota ekki olíuna), furuhnetunum og blandið vel saman.

Skerið „vasa“ í kjúklingabringurnar og setjið fyllinguna inni, raðið bringunum í eldfast mót og kryddið með salt og pipar. Setjið afganginn af fyllingunni yfir bringurnar

Bakið kjúklingabringurnar í 45 mín

Skerið í salatið á meðan kjúklingurinn er í ofninum

Berist fram með bors á vör ;)

Eftirréttur.

Gott er að hafa hann bara einfaldan.

Rúlla út í HUPPU og ná í bragðaref á línuna.

Ég fæ mér stóran huppuref með Huppuís, kókosbollu, þrist, lakrískurl og smá jarðberjasósa.

Njótið vel :)

Mig langar að skora á góðvin minn **Hlyn Friðfinnsson**. Hann er matmaður mikill og ég er viss um að hann komi með einhverja sleggju :)

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

Prjónahornið á DFS.is

Inni á DFS.is getur þú fundið uppskriftir sem byrst hafa í prjónahorni Dagskrárinnar



Í síðustu viku birtist uppskrift frá Hannyrdabúðinni af þessari dásamlegu peysu.

Hannyrdabúðin
Eyravegi 23, Selfoss // 555-1314

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

DFS.is
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Prentmet Oddi,
Eyravegi 25, 800 Selfoss,
sími 482 1944, dfs@dfs.is, www.dfs.is.
Ritstjóri: Björgvin Rúnar Valentinsson,
sími 856 0656, dfs@dfs.is.
Auglýsingaheiti: Sími 482 1944,
auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum miðvikudegi.
Upplag 5.200 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á mánudögum.

Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X



Gáta vikunnar

Vísnaðgátur-höf:
Árman Dalmannsson
Útg. Bókautgáfan SKRUDDA

Konur í mér kaffið sitt oftast geyma.
Rjólið karlanna í mér er.
Aurana krakkarnir gefa mér.

Svar við gátu í blaði 2638: **GARÐUR**
1. Kartöflugarður - 2. Túngarður
3. Varnargarður



B O R G
FASTEIGNASALA

euromarina

Draumaheimilið handan hafsins

Fasteignasalan Borg, í samstarfi við byggingarfyrtækið Euromarina á Spáni, býður glæsilegt úrval nýrra heimila á Spáni. Um er að ræða íbúðir og einbýlishús af ýmsum stærðum og gerðum.

Siggi Fannar hjá Borg tryggir þér örugga og góða þjónustu við Euromarina og fylgir þér frá upphafi til enda með þínar þarfir og væntingar að leiðarljósi.

519 5500 • FASTBORG.IS • EUROMARINA.COM/IS



Sigurður Fannar Guðmundsson

löggiltur fasteignasali

897 5930

siggifannar@fastborg.is

fastus.is

VATNSVÉLAR, KRANAR OG BRUNNAR FYRIR FYRIRTÆKI OG STOFNANIR

SVALAÐU ÞORSTANUM

COSMETAL
Drinking water solutions



J Class Top

Lítill og nett vatns vél

- Kalt vatn
- Sódavatn
- Vatn við stofuhita



Hi class Top 30

Einstaklega falleg vatns vél

- Kalt vatn
- Sódavatn
- Vatn við stofuhita



Vatnsbrunnar

Vandaðir stand-eða veggbrunnar fyrir mismunandi rými



Pro Stream krani

- Hett vatn í t.d. te
- Kalt vatn
- Sódavatn

Nánari upplýsingar veitir sölufólk okkar í síma 580 3900

DFS.is
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

Ertu að leita að
vinnu á Suðurlandi?

Ný störf auglýst í hverri viku!

www.dfs.is/atvinna/

Aðalfundur Sleipnis 2022.

Aðalfundur Hestamannafélagsins Sleipnis og Sleipnishallarinnar ehf. verður haldinn miðvikudaginn 9. mars kl. 20.00 í Hliðskjálfi, Suðurtröð 6, Selfossi.

Dagskrá: Venjuleg aðalfundastörf og önnur mál.

Stjórn Sleipnis
Stjórn Sleipnishallarinnar ehf.



Sveitarfélagið Árborg óskar eftir tilboðum í: „Stígar í Árborg 2022“

Verkið felur í sér malbikun, gerð burðarlags og jarðvegsskipti og einnig uppsetningu ljósastaura, lampa og snjallbúnaðar fyrir lýsingu ásamt plægingu götulljósastrengs þar sem það á við á stígum í Árborg.

Helstu magntölur eru:

Gröftur.....	650 m ³
Jöfnun og þjöppun á fyllingu	9.200 m ²
Styrktarlag	6.300 m ³
Burðarlag, efni	1.000 m ³
Burðarlag, útförnun og þjöppun	10.000 m ³
Malbik Y8	8.100 m ²
Uppsetning ljósastaura og lampa.....	24 stk
Plæging á ljósastaurastreng	1.500 m

Verkinu skal að fullu lokið 15. september 2022.

Útboðsgögn verða afhent á útboðsvef sem er aðgengilegur hér:
<https://arborg.ajoursystem.is/Tender/DirectLink/9cb2df10-6e25-48f9-9d50-7fe114534e62>

Tilboðum skal skila rafrænt í útboðskerfinu Ajour. Tilboð skulu sett fram með þeim hætti sem sett er fram í útboðskerfinu og í samræmi við skilmála útboðs og hlaða upp þeim skrá sem gerð er krafa um. Bjóðandi fær staðfestingarpóst þegar hann hefur skilað tilboði. Ef enginn póstur berst, hefur afhending ekki tekist. Bjóðendur skulu í þeim tilfellum leita til Ajour þjónustuaðila án tafar. Bjóðandi ber ábyrgð á að tilboð berist á réttum tíma og eru bjóðendur hvattir til að hefja tímanlega vinnu við að skila þeim inn.

Skilafrestur tilboðs er til kl. 11:00 mánudaginn 14. mars 2022.

Opnun tilboða verður framkvæmd með rafrænum hætti á útboðsvefnum eftir að skilafrestur tilboða er liðinn. Bjóðendum verður því ekki boðið að mæta á opnunarfund en í kjölfar opunar tilboða verður bjóðendum sent opnunarýfirlit rafrænt.

Mannvirkja og umhverfissvið Árborgar

Fimm frambjóðendur hjá Framsóknarfélagi Árborgar



Í lokað prófkjör félagsins sem fram fer laugardaginn 12. mars nk. þar sem kosið verður í þrjú efstu sæti framboðslistans samkvæmt framboðsreglum flokksins.

Er kosningin bindandi fyrir þrjú efstu sætin.

Eftirtaldir frambjóðendur verða í kjöri:

1. sæti - Helgi Sigurður Haraldsson og Stefán Gunnar Stefánsson.
2. sæti - Ellý Tómasdóttir
2. - 3. sæti - Páll Sigurðsson
3. sæti - Dána Lind Sigurjónsdóttir

Prófkjörið fer fram laugardaginn 12. mars nk. frá kl. 10:00 – 18:00 í Rauðakross salnum á Eyravegi 23 Selfossi.

Utankjörfundar atkvæðagreiðsla verður þriðjudaginn 8. mars, miðvikudaginn 9. mars og fimmtudaginn 10. mars frá kl. 17:00 til kl. 20:00 á Eyravegi 15 Selfossi.

Rétt til að taka þátt í lokaðu prófkjöri eiga allir flokksbundnir félagar í Framsóknarflokknunum og áttu lögheimili í sveitarfélaginu Árborg 9. febrúar 2022.

Kjörstjórn
Framsóknarfélags Árborgar



Árborg tekur í notkun ábendingagátt

Sveitarfélagið Árborg hefur tekið í notkun ábendingagátt fyrir íbúa og er hún aðgengileg frá vef sveitarfélagsins. Verkefnið var unnið í samvinnu við

Hafnarfjörð sem einnig hefur tekið sína gátt í notkun.

Þjónustuver Árborgar hefur frá því í janúar, unnið að undirbúningi og prófunum á kerfinu.

Tilgangurinn með ábendingagáttinni er að bæta þjónustu við íbúa og setja upp skýran feril fyrir ábendingar sem áður bárust með tölvupósti og gegnum síma.

Starfsmaður óskast

Eldhestar óskar eftir að ráða bókara. Um er að ræða framtíðarstarf. Viðkomandi þarf að geta hafið störf eigi síðar en 1. apríl næstkomandi.

Meginverkefni:

- Dagleg vinnsla og færsla bókhalds
- Afstemmingar og eftirfylgni
- Samskipti við starfsmenn, viðskiptavini og birgja
- Reikningagerð
- Kassauppgjör
- Önnur tengd og tilfallandi verkefni

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Bókaranám er skilyrði.
- Góð reynsla og þekking á bókhaldi.
- Góð almenn tölvukunnátta.
- Þekking á Navision Financial.
- Vinna vel bæði í hóp og sjálfstætt
- Samskiptahæfni og jákvætt viðmót.
- Nákvæmni og vandvirk vinnubrögð.
- Góð íslensku og ensku kunnátta.

Umsækjandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Um er að ræða mjög fjölbreytt og skemmtilegt starf. Frekari upplýsingar veitir Hróðmar Bjarnason. Netfang: hrodmar@eldhestar.is





LJÓSLEIÐARINN

GERIR ALLT MÖGULEGT MÖGULEGT

VIÐ TÖKUM ÖLL ÞÁTT Í AÐ VEFA FRAMTÍÐINA

Enginn veit nákvæmlega hvernig hún verður. Nema að hún verður með ólíkindum. **Við verðum öll tilbúin með Ljósleiðaranum.** Ljósleiðarinn byggir upp og rekur ljósleiðaranet fyrir heimili, fyrirtæki og stofnanir. Með þéttu neti ljósleiðaraþráða tryggir Ljósleiðarinn landsmönnum hraðan og öruggan aðgang að tækifærum framtíðarinnar. Þannig gerum við allt mögulegt mögulegt.

Þjónusta alla leið

Ljósleiðarinn leggur áherslu á skjóta og örugga þjónustu. Þú byrjar á að hafa samband við þitt fjarskiptafélag og óska eftir tengingu við Ljósleiðarann. Í einni heimsókn eru þráðlaus tæki heimilisins tengd við **traust ljósleiðaranet** þar sem möguleikarnir eru endalausir.

Get ég tengst Ljósleiðaranum?

Á ljosleidarinn.is getur þú slegið inn heimilisfangið þitt og séð hvort Ljósleiðarinn er kominn til þín. Netið okkar vex og þéttist dag frá degi.

**LJÓSLEIÐARINN**

Skólaþing um framtíðarskipan húsnæðismála Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyrar



Sveitarfélagið Árborg auglýsir skólaþing um framtíðarskipan húsnæðismála Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri (BES) Þingið verður haldið í húsnæði BES á Stokkseyri þann 8. mars, milli kl. 20:00 og 21:30. Íbúar eru beðnir um að skrá þátttöku. Nánar um skólaþingið og skráningu er að finna á vefsíðu sveitarfélagsins.

Dagskrá

Opnun og útskýring á fyrirkomulagi fundar
Kynning á stöðu mála og farið yfir þær tímabundnu lausnir sem unnið er að.
Farið yfir ástand húsnæðis á grundvelli úttektar.
Að kynningu lokinni eru umræður í hópum þar sem framtíðarlausnir verða ræddar.

Slóð á skráningarformið:

<https://www.menti.com/9ivumasvi8>

Aðalfundur Rauða krossins í Hveragerði

**verður haldinn þriðjudaginn
8. mars kl. 17.00 á Mánamörk 1**

Dagskrá fundarins:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Skýrsla stjórnar um starf deildarinnar á liðnu starfsári.
3. Áritaður og skoðaður ársreikningur lagður fram til afgreiðslu.
4. Framkvæmdaáætlun og fjárhagsáætlun fyrir yfirstandandi ár lagðar fram til kynningar.
5. Innsendar tillögur skv. 6. mgr. 21. gr.
6. Kosning deildarstjórnar skv. 21. og 22. gr.
7. Kosning skoðunarmanna og vararmanna þeirra. Skv. 22. gr.
8. Önnur mál.

Kjörgengir í stjórn og atkvæðarétt hafa allir félagar, 18 ára og eldri, sem greiddu **félagsgjöld fyrir árslok 2021**. Fundurinn er opinn öllum félagsmönnum og sjálfbóðaliðum með sjálfbóðaliðasamning.

Stjórnin



Rauði krossinn

Veðurútköll og umferðarslys meðal verkefna lögreglunnar



Veður hefur spilað stóra rullu í störfum viðbragðsaðila á Suðurlandi þessa vikuna. Rauð viðvörðun var í gildi liðinn mánudag vegna óveðurs sem þá gekk yfir landið, margir lentu í vandræðum á fjallvegum og fjöldahjálparstöð var opnuð í Grunnskóla Þorlákshafnar fyrir fólk sem flutt var þangað úr bifreiðum sem festust í veginum um Þrengsli og á þjóðvegi 1 um Hellsheiði. Foktjón varð víða og umtalsvert tjón m.a. þegar íþróttahús Hamars í Hveragerði fauk, rúður í gróðurhúsi í Biskupstungum brotnuðu í stórum stíl og þak fauk í heilu lagi af íbúðarhúsi á sveitabæ í Rangárþingi ytra.

Í gærkvöldi og í nótt voru viðbragðsaðilar aftur kallaðir til aðstoðar vegna bifreiða sem fastar voru á Hellsheiði og í Þrengslum. Þegar þetta er skrifað er vegurinn ennþá lokaður og unnið að því að losa bifreiðar sem tefja mokstur. Um svipað leiti var bóndi í Örafum fengin til að fara og aðstoða vegfaranda sem hafði orðið fyrir því að bifreið hans

fauk út fyrir veg og festist til móts við Sandfell. Á leið sinni fann bóndinn aðra bifreið utan vegar og fóru björgunarsveitarmenn til aðstoðar þeim sem voru fastir í þeirri bifreið.

Nokkuð er um að bifreiðar séu skildar eftir við vegi þegar ófærð hefur hamlað. Venja er að byrja á að hafa samband við eigendur bifreiðanna og biðja þá um að hlutast til um að ökutækin verði flutt í burtu. Sé því ekki sinnt er hinsvegar gripið til þess ráðs að láta flytja bifreiðina af vettvangi á kostnað eiganda.

Tvö slys á gangandi vegfarendum voru tilkynnt í liðinni viku til lögreglunnar á Suðurlandi, annað á Höfn en hitt á Selfossi. Í báðum tilfellum datt viðkomandi í hálku. Grunur um beinbrot í a.m.k. öðru tilfelli. 11 umferðarslys voru tilkynnt til lögreglunnar og í þremur þeirra um að ræða slys á fólki. Þann 21. febrúar varð árekstur tveggja jeppabifreiða á Biskupstungnabraut við Kerid. Ökumaður annarrar bifreiðarinnar alvarlega slasaður

og fluttu sjúkraflutningamenn hann með aðstoð björgunarsveita um Suðurstrandaveg á sjúkrahús í Reykjavík en aftakaveður gekk yfir landið á sama tíma og ófært yfir heiði og ekki veður til flugs. Ökumaður og farþegar í hinni bifreiðinni sluppu með minni meiðsli en þó brákuð og marín. Þá slasaðist ökumaður jeppabifreiðar þegar bifreiðin fauk út af Gaulverjabæjarvegi þann 22. febrúar. Fluttur á sjúkrahús en meiðsl ekki alvarleg. Þann 27. febrúar var flutningabifreið ekið aftan á jeppling á þjóðvegi 1 um Skeiðarársand. Ökumaður jepplingsins kenndi til eymsa eftir slysið og var fluttur á heilsugæslu til frekari skoðunar. Báðar bifreiðar öðkuháfar eftir áreksturinn.

8 ökumenn kærðir fyrir að aka of hratt í liðinni viku. 6 þeirra í Árnassýslu en 2 í Rangárvallasýslu. Þá var einn ökumaður kærður fyrir að aka undir áhrifum áfengis og annar fyrir að aka undir áhrifum fíkniefna.

Lögreglan á Suðurlandi

Námskeiðið er ókeypis

KÓRNÁMSKEIÐ

Dagana 8. og 11. mars kl. 17:00 - 18:00
og 12. mars kl. 13:00 - 14:00
verður boðið upp á kór námskeið í Selfoskirkju.

Allir krakkar í 1.-2. bekk eru hjartanlega velkomnir!
Farið verður í tónlistarleiki og mikið sungið.

Kennarar verða Kolbrún Berglind Grétarsdóttir og Edit A. Molnár

Til þess að skrá barn til leiks skal senda tölvupóst til Editar, edit@simnet.is



PYLSA

& Pepsi í flösku

HOT DOG & A
BOTTLE OF PEPSI

499 kr.

*BÆTTU VIÐ ANNARRI
PYLSU FYRIR 200 kr.



BEIKON BORGARA mÁLTÍÐ

BACON BURGER MEAL

1.699 kr.

*Gos úr vél frá CCEP fylgir með
Tilboð gilda út mars 2022

N1 Hvolsvöllur



Nestlé

Fundarboð

Samfylkingin í Árborg boðar til opins fundar til undirbúnings bæjarstjórnarkosninga í vor í Samfylkingarsalnum að Eyravegi 15 á Selfossi, laugardag 5. mars kl 11:00. Ákveðið hefur verið að skipa uppstillingarnefnd til að gera tillögu um framboðslista. Fólk sem hefur áhuga á að gefa kost á sér á lista Samfylkingarinnar eða að koma með ábendingar um góða frambjóðendur, er hvatt til að hafa samband við fulltrúa í uppstillingarnefnd og eins að mæta á fundinn.

Tengiliðir uppstillingarnefndar:

Soffía Sigurðardóttir, gsm 8974897, fjallafia@gmail.com.

Magnús J. Magnússon, gsm 8932136, magnus@barnaskolinn.is.

Fundurinn er öllum opin og fólk hvatt til að koma áherslumálum sínum á framfæri og líka að spyrja bæjarfulltrúa



Of gömul bæjarstjórn í Árborg!

Sveitastjórnarkosningar eru í vændum og fólk að raða á lista. Sumir fara prófkjörs leiðina aðrir velja innan flokks.

Sveitarfélagið Árborg er í sögulegum vexti, fjölgun íbúa hefur verið um 3% milli ára, en er nú yfir 11% Nýir tímar eru að renna upp og nýjar áskoranir. Ungt fólk, nýtt í pólitík, sem flest hefur ekki tengsl við gamalkunnar fjölskyldur býður fram krafta sína til setu í bæjarstjórn. Við eigum að fagna því og horfa til þessa fólks hvar sem í flokki eru.

En gamla settið í bæjarstjórn ætlar ekki að gefa sæti sín eftir, flest hver. Þau eru svo „ferlega frábær og miklu betri en þú“ eins og Ríó söng um árið.

Allavega er það staðreynd að fjórir karlar hafa nú setið 12 ár í bæjarstjórn, þrjú kjörtímabil, tvö í viðbót eru svo að ljúka sínu öðru kjörtímabili.

Þetta fólk verður að hafa eitthvað nýtt að segja. Nokkrir hafa skrifað í blöð á þessum árum, afar fáar greinar, sumar sem gengu gagnvart þeim tíma

sem skrifuðu komu. Aðrar voru bara gjálfur um eigið ágæti. Svo eru til innan núverandi bæjarstjórnar þeir sem segja okkur kjósendum ekki neitt öll þessi 12 ár, e.t.v. eiga erfitt að setja staf á blað.

Það eru áhugaverðar staðreyndir sem koma í ljós t.d. hvað við útsvarsgreiðendur í Árborg höfum greitt þessu fólki fyrir setu sína, skoðum það aðeins. (Vil þó geta þess að fulltrúar eiga að fá greitt fyrir sína vinnu)

Ætla má að bæjarfulltrúi sem setið hefur í þrjú kjörtímabil hafi bæði verið í meirihluta og minnihluta. Sami fulltrúi hefur á þessum tíma tekið setu sem formaður í bæjarráði og sæti forseta, auk formannssetu í nefndum. Til að gefa einhverja mynd af launagreiðslum til viðkomandi á þessum þremur kjörtímabilum (12 árum) gæti þetta verið svona:

Almenn laun í 12 ár, þrjú kjörtímabil, 37.194.912 + c.a. 1.500.000 fyrir nefndir á þessu tímabili + 1.440.000 símastyrkur, samtals: 40.134.912-

Kristján Einarsson

Áhugamaður um bæjarmálafni



Tveggja kjörtímabils fulltrúi hefur fengið á þessum átta árum, samtals 27.736.608-.

Fjórir núverandi bæjarfulltrúar hafa setið 12 ár í bæjarstjórn. Laun til þeirra á þessum tíma eru því samtals c.a. 160.539.648 milljónir króna.

Bæjarfulltrúi með setu í 8 ár hafa samtals fengið ca. 55.473.216 milljónir króna.

Það er nóg komið af krónum í gildi „gamalmennanna“ í bæjarstjórn, greiðum fyrir ferskum vindum framtíðar.

Skiptum út gamla settinu og fáum fólk sem hefur eitthvað að segja. Allavega fjórmenningunum, tvímenningarnir þurfa að sanna sig rækilega m.v. breytta ásjúnd framtíðar í Árborg.

Aðalfundur Rauðakrossdeildar Árnessýslu

Verður haldinn Miðvikudaginn 9.mars kl. 18.00

Að Eyravegi 23 húsnæði Rauðakrossins.

Dagskrá fundarins:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Skýrsla stjórnar um starf deildarinnar á liðnu starfsári.
3. Áritaður og skoðaður ársreikningur lagður fram til afgreiðslu.
4. Framkvæmdaáætlun og fjárhagsáætlun fyrir yfirstandandi ár lagðar fram til kynningar.
5. Kosning deildarstjórnar skv. 21. og 22. gr.
6. Kosning skoðunarmanna og vararmanna þeirra. Skv. 22. gr.
7. Önnur mál.

Kjörgengir í stjórn og atkvæðarétt hafa allir félagar, 18 ára og eldri, sem greiddu félagsgjöld fyrir árslok 2021.

Grímuskylda er á staðfundi

Stjórnin



Rauði kross Íslands
Árnesingadeild

Nýsköpun og öflugt atvinnulíf í Árborg

„Sveitarfélagið á að vera í virku samtali við atvinnulífið, efla nýsköpun og vinna að því að fjölga atvinnutækifærum í sveitarfélaginu með markvissum hætti.“

Sveitarfélagið Árborg hefur vaxið mikið undanfarin ár og er fjöldi íbúa nú í kringum 11 þúsund. Flesta virka daga fer hluti íbúa til vinnu á höfuðborgarsvæðið eða til nágrannasveitarfélaga sem er í sjálfu sér eðlilegt upp að vissu marki. Það verður þó með auknum íbúafjölda að huga að fjölgun fjölbreyttra atvinnutækifæra í Árborg með það að markmiði að íbúar geti haft fleiri valmöguleika um áhuga-verð störf í nærsamfélaginu, stutt frá heimili og fjölskyldu.

Atvinnustefna og skýr markmið

Fyrirtækjum er í auknum mæli ýtt frá ákveðnum svæðum á höfuðborgarsvæðinu og Árborg gæti verið kjörin staður til uppbyggingar fyrir mörg þeirra. Nýtt skrifstofuhotel mun gefa aukin tækifæri en samfélag með góða skóla, öflugt íþrótt- og frístundastarf, nægt land-

rými og góðar tengingar við helstu samgönguleiðir, ásamt inn- og útflutningshöfn í næsta nágrenni ætti að vera kjörin staður til frekari uppbyggingar á atvinnustarfssemi. Slíkt gerist ekki af sjálfu sér og vil ég koma að því að leiða sveitarfélagið í samstarfi við hagsmunaaðila að setja fram stefnu með skýr framtíðarmarkmið um hvernig atvinnuuppbyggingu við viljum sjá í sveitarfélaginu.

Tækifæri til nýsköpunar

Sveitarfélagið Árborg á að vera í virku samtali við fjölbreyttar atvinnugreinar í samfélaginu. Þannig getur sveitarfélagið verið betur í stakk búið að skapa umhverfið sem eflir og hvetur til nýsköpunar og þróunar. Hvort sem um er að ræða verslun, ferðapjónustu eða fjölbreyttan iðnað.

Gott samstarf grunnskóla í Árborg, FSu, FabLab Selfoss, Háskólafélags Suðurlands, atvinnulífsins og tengdra aðila er mikilvægt til að efla og ala upp nýsköpunarhugsun hjá ungmennum í samfélaginu. Slíkt

Bragi Bjarnason

Frambjóðandi í 1.sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Sveitarfélaginu Árborg



samstarf getur búið til rétta umhverfið og alið af sér frumkvöðla sem fengu að byrja að prófa hluti í grunnskóla, þróðu áfram í framhaldsskóla og gerðu hugmynd að veruleika í frumkvöðlasetri háskólafélagsins. Þorum að hugsa um stóru myndina og sköpum aðstæður þar sem ný tækifæri verða til.

Viltu ræða málin frekar?

Þar sem stutt er í prófkjörið laugardaginn 19.mars nk. vil ég nýta tímann vel og reyna að hitta sem flest fyrirtæki og íbúa. Það er því velkomið að senda erindi á bragibjarna1@gmail.com og óska eftir heimsókn til að spjalla um samfélagið okkar og hvernig við getum í sameiningu gert Árborg enn betri.

www.bragibjarna.is

Margrét Ýrr nýr hjúkrunarstjóri heilsugæslu Rangárbings

Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir hefur verið ráðin hjúkrunarstjóri heilsugæslunnar í Rangárbingi frá og með 1. apríl nk. Margrét Ýrr útrskifaðist sem hjúkrunarfræðingur 2002 og starfaði nú síðast sem aðstoðardeildarstjóri á blöð- og krabbameinsdeild LSH. Hún

var hjúkrunarforstjóri á hjúkrunarheimilinu Lundi í 15 ár, en samhliða því vann hún í tíma-vinnu á bráðamóttöku HSU og á bráðamóttöku LSH. Margrét Ýrr hefur verið ötul í að endurmennta sig og hefur lagt nám á: þjónandi forystu, jákvæða stjórnun, joga og margt fleira.



FERMINGAR 2022



Búðu til þitt eigið fermingarkort.
 Skoðaðu úrvalið á vefnum okkar
honnun.prentmetoddi.is



Umbúðir



Almenn prentun



Bækur



Límniðar



Stimplar



Lyngháls 1, 110 Rvk ☎ 5 600 600
 Eyraveg 25, 800 Selfoss ☎ 482 1944
 Glerárgata 28, 600 Akureyri ☎ 4 600 700



prentmetoddi.is

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Hveragerðisbæjar 2017-2029 - Fagrihvammur, nýtt íbúðarsvæði ÍB15.



Bæjarstjórn Hveragerðisbæjar samþykkti þann 10. febrúar 2022 að auglýsa tillögu að breytingu á aðalskipulagi Hveragerðisbæjar 2017-2029, forsendur hennar og umhverfismat, skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin, sem nær til 4,6ha. svæðis í og við Fagrihvamm, felur í sér að ríkjandi landnotkun á svæðinu, sem nú er skilgreind sem athafnasvæði AT3, með heimild fyrir íbúðarbyggð að hluta til, verður skilgreind sem íbúðarsvæði ÍB15, með heimild fyrir verslun- og þjónustu og athafnastarfsemi að hluta til, þar sem áhersla er lögð á ferðaþjónustu og ylrækt.

Breytingartillagan liggur frammi á bæjarskrifstofu Hveragerðisbæjar að Breiðumörk 20, frá og með mánudeginum 7. mars til og með 22. apríl 2022 og er auk þess aðgengileg á heimasíðu Hveragerðisbæjar www.hveragerdi.is

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Athugasemdir skulu vera skriflegar og skulu berast skipulagsfulltrúa Hveragerðisbæjar í síðasta lagi mánudaginn 25. apríl 2022, annaðhvort á bæjarskrifstofu Hveragerðisbæjar að Breiðumörk 20, 810 Hveragerði eða í tölvupósti á netfangið mottaka@hveragerdi.is

Skipulagsfulltrúi Hveragerðisbæjar

Grímsnes- og Grafningshreppur óskar eftir að ráða umsjónaraðila í hlutastarf fyrir gámastöðina Seyðishólum



Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst og sé tilbúinn að takast á við fjölbreytt og krefjandi starf. Starfshlutfallið er 50% og fer vinnan fram bæði á virkum dögum og um helgar.

Umsjónaraðili sér um opnun gámastöðvarinnar samkvæmt auglýstum opnunartíma. Umsjónaraðili gámastöðvar hefur umsjón með faglegri starfsemi er fellur undir starfssvið gámastöðvarinnar, sér um að farið sé eftir þeim reglugerðum sem gilda um meðferð og flokkun á þeim efnum sem berast og fylgir eftir að viðhaldi á svæðinu sé sinnt.

Umsjónaraðili sinnir umhirðu og verkstjórn með losun á gámasvæði og leiðbeinir íbúum við flokkun úrgangs og spilliefna ásamt því að vera í samskiptum við þjónustuaðila um losun á gámum.

Menntunar og hæfniskröfur:

- ✓ Reynsla af sambærilegum störfum er kostur.
- ✓ Skipulagsfærni, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- ✓ Þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum.
- ✓ Almenn tölvukunnátta.

Starfið hæfir jafnt konum sem körlum.

Umsóknarfrestur er til og með 11. mars 2022.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við hlutaðeigandi stéttarfélag.

Frekari fyrirspurnir og umsóknir sendist á oddviti@gogg.is.

Umsókn skal fylgja starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Öllum umsóknum verður svarað.



Nanna Rún nýr kennslustjóri á HSU

Nanna Rún Sigurðardóttir er nýr kennslustjóri á HSU og mun framvegis halda utan um allt læknánám við HSU. Hún tekur við því starfi af Arnari Þór Guðmundssyni yfirlækni heilsugæslunnar á Selfossi sem hefur sinnt því um árábil. Nanna Rún hefur nýlokið sérnámi í heimilislækningum við heilsugæsluna á Selfossi og hefur verið ráðin áfram sem heimilislæknir við sömu stöð.

Alls eru um 4-8 læknanemar á 6. ári á HSU í einu, viku í senn og 1-2 sérnámsgrunnlæknar (áður kallaðir kandidatar) í einu á hverjum tíma.

HSU fékk á síðasta ári formlega viðurkennt sérnám í heim-



ilislækningum og fer það fram á nokkrum heilsugæslum ásamt

lyflækningadeild, göngudeild og bráðamóttöku. Nú eru 7 sérnámslæknar í heimilislækningum á HSU en það er sí stækkandi hópur.

Kennslustjóri starfar í samvinnu við yfirmenn deilda og sér um að skipulagi sé rétt fylgt og tryggir að handleiðsla og skráning fylgi gildandi skilyrðum. Hann er jafnframt tengiliður við þær stofnanir og aðila utan við HSU sem koma að þessari þjálfun.

Sérnám við HSU hefur vaxið undanfarin ár og sífellt fleiri kjósa að starfa áfram við HSU að sérnámi loknu, sem er fagnaðarefni, landsbyggðin þarf sannarlega á því að halda.

Ég er tilbúinn að leiða D-listann í Sveitarfélaginu Árborg

Ég kom inn í bæjarstjórn Árborgar á miðju ári 2012 þegar Elfa Dögg Þórðardóttir hvarf til annarra starfa. Á þessum tíma hef ég öðlast reynslu af störfum fyrir mitt samfélag en allt mitt líf hef ég komið að fjölbreytilegum samfélagsverkefnum af ýmsum toga. Ég brenn fyrir mitt samfélag en ætla þó að hlífa lesendum fyrir langri upptalningu hér en margt hefur verið gert og margt eigum við ógert. Ég hef lengi haft mikla trú á tækifærum okkar svæðis og hefur það raungerst frá árinu 2015 þegar tók að fjölga mjög fólki í okkar sveitarfélagi. En fjölgun ein og sér er ekki markmið nema að innviðaupbygging fylgi jöfnum höndum í grunn og leikskólum, fræveitu, vatnsöflun í bæði heitu og köldu og öruggum samgönguleiðum

fyrir íbúana. Það er þó ljóst að ekki er hægt að gera allt í einu og sá góði grunnur í fjármálum sveitarfélagsins sem meirihluti okkar D-lista fólks tryggði á árunum 2010-2018 hefur nú verið settur í hættu með gríðarlegum lántökum og aukinni skuldsetningu. Við lækkuðum skuldahlurfall sveitarfélagsins úr 208% í 124% á þessum átta árum með tilheyrandi lækkuðum fjármagnskostnaðar og gerðum sveitarfélagið tilbúið í að takast á við vöxt. Góðu vinir í Sveitarfélaginu Árborg nú verður kosið í sveitarstjórnarkosningunum 14. maí nk. og framboðslistar í óða önn að ráða upp listum. Sjálfstæðisflokkurinn í Sveitarfélaginu Árborg efnir til prófkjörs um uppröðun á D-listann, laugardaginn 19. mars nk. og hafa sautján hæfir frambjóðendur nú

Kjartan Björnsson

Bæjarfulltrúi Sveitarfélagsins Árborgar



þegar boðið fram krafta sína til að sitja á listanum, sjö konur og tíu karlar. Það er öldungis frábært að íbúarnir hafi tækifæri til að velja fólk sem sína fulltrúa á listann og hvet ég ykkur íbúa til að taka þátt. Ég mun gera allt sem í mínu valdi stendur til að standa með mínu samfélagi á Stokkseyri, Eyrarbakka, Sandvíkurhreppi og Selfossi fyrir allt Sveitarfélagið á næsta kjörtímabili fái ég til þess stuðning í prófkjörinu. Ég tel mig hafa sannað í mínum störfum að þið getið treyst mér.

Árborg, vinsælasta borg Íslands

Um hvað er deilt í sveitarfélaginu Árborg? Heimamenn tala helst gegn framtíðinni og hafa hlutina á hornum sér, allavega þegar farið er að skaka vopnum fyrir kosningar. Mér sýnist samt sem gömlum flóamanni komnum heim á ný að hvergi sé betra að búa. Þeir gömlu flytja heim í Árborg. Þeir ungu með börnin flytja heim í Árborg. Og allsstaðar er fólk að tala um að flytja hingað. Og hvar sem ég fer kemur fólk til mín að tala um nýja gamla sveitarfélagið mitt, og spyr gjarnan hvernig farið þið að þessu þarna á Selfossi? Ég segi ég veit það ekki, hljóta þeir sem stjórna bænum ekki að vera kraftaverkamenn? Konur eru menn líka, sagði Vigdís Finnbogadóttir eftirminni-lega 1980. Mannstraumurinn hér austur fyrir fjall er mikill um 15% aukning árlega í Árborg, einstakt. Íslandsmet. Menn

segja að næsta sveifla hér snúi að sjávarþorpunum Eyrarbakka og Stokkseyri. Þorlákshöfn, Ölfusið og Hveragerði eru einnig að springa út og allt austur í Vík að meðtöldu Rangárþingi ytra og eystra. Flóahreppurinn kemst í tísku eins og Hörgárbyggð fyrir norðan. Uppsveitirnar okkar munu einnig njóta ávaxtanna. Til hamingju Árborgarbúar og Sunnlendingar öll vötn falla nú hingað austur. Ný Ölfusárbrú er að koma. Menningarsalur við Hótel Selfoss er kominn á dagskrá hjá Árborg og Ríkisstjórninni. Glæsilegur nýr Miðbær er risinn á Selfossi og orðinn mikil miðstöð mannlífs og ferðamanna. Og hrifningin hjá fólkinu sem gengur hér um og dáist að gömlu/nýju húsunum mikil, það gónir í allar áttir og heldur vart vatni af hrifningu. Og gamla MBF er orðið aðal hús bæjarins og tákn Selfoss. Íþróttahús,

Guðni Ágústsson

Íbúi í Árborg



grunnskólar hafa verið byggðir og ný hverfi þjóta upp þannig að bærinn okkar Árborg er lifandi borg sem býr æskunni og ellinni gott líf. Skuldir vaxa þegar uppbygging á sér stað og fólksfjölgun, en sömu skuldir minnka þegar tekjurnar fara að skila sér af öllum þeim sem hingað flytja. Ég trúi því að ég sé kominn í gott sveitarfélag og haldist heilsan sé hamingjan mín og minna. Það er gott að búa í Árborg! Flokkurinn minn, Framsóknarflokkurinn, kom að málum hér strax í öndverðu. Enn heldur hann utan um flaggið. Áfram Framsókn í Árborg.

VIÐ ÓSKUM EFTIR

BLAÐAMANNI

Prentmet Oddi á Selfossi rekur Dagskrána, fréttablað Suðurlands. Dagskráin er prentuð í 5200 eintökum og er dreifð á alla helstu þjónustustaði á Suðurlandi, ásamt því að fara í blaðakassa á Selfossi, í Hveragerði, Þorlákshöfn, Stokkseyri og Eyrabakka. Fréttavefurinn DFS.is er rekinn samhliða blaðinu. Á miðlunum okkar er að finna fréttir og umfjallanir af sunnlensku mannlífi.



Prentmet Oddi óskar eftir metnaðarfullum blaðamanni í Dagskrána, fréttablað Suðurlands. Sveigjanlegt starfshlutfall er í boði fyrir réttan aðila.

Helstu verkefni: Fréttaöflun fyrir Dagskrána og DFS.is, uppsetning á Dagskránni, auglýsingaöflun, útkeyrsla á prentverkum og önnur tilfallandi verkefni.

Umsóknarfrestur er til 7. mars nk.

Hæfniskröfur

- Æskilegt að hafa reynslu og þekkingu á fjölmiðlum og fréttaöflun.
- Hafa brennandi áhuga á blaðamannastörfum.
- Framúrskarandi samskipta- og samstarfshæfni.
- Gott vald á ljósmyndun og myndbandagerð.
- Góð tölvu- og tækniþekking.
- Gott vald á íslensku og ensku.
- Góð skipulagshæfni.

Menntunarkröfur

- Menntun eða reynsla sem nýtist í starfi, t.d. fjölmiðlafræði eða prentsmiður/grafískur miðlari.

Nánari upplýsingar um starfið veita framkvæmdastjóri mannauðsmála í isi@prentmetoddi.is, s. 8 560 601 og útibústjóriinn Prentmets Odda á Selfossi þ.e. brv@prentmetoddi.is, s. 8 560 656.

Vinsamlegast sakið um starfið á alfred.is.



Auglýsing skipulagstillagna í Ölfusi



Eftirtaldar skipulagstillögur voru samþykktar til auglýsingar í bæjarstjórn Ölfuss þann 24. febrúar síðastliðinn, í samræmi við 1. málsgrein 40. greinar skipulagslaga nr. 123/2010. Tillögurnar eru:

Breyting á deiliskipulagi fyrir Móa - miðsvæði í Þorlákshöfn.

Efla hefur gert tillögu að breytingu á deiliskipulagi Móa þar sem byggingarreitum og lóðum er breytt. Þetta er meðal annars gert til að einfalda fyrirkomulag bílastæða svo einfaldara verði að koma fyrir hleðslustöðum íbúðar-eiganda.

Breyting á deiliskipulagi Norðurhrauns í Þorlákshöfn.

Tillagan hefur verið auglýst áður en er nú auglýst aftur vegna galla í gögnum. Hefur töflu sem sýnir helstu tölur fyrir breytingu verið bætt við á síðu 5 í greinargerð, töflum hefur verið skipt út á deiliskipulagsupprætti auk annarra smáleiddréttinga.

Tillögurnar verða til sýnis á sveitarstjórn Ölfuss, Hafnarbergi 1, Þorlákshöfn frá 1. mars til 13. apríl 2022. Hægt er að senda ábendingar eða athugasemdir á netfangið skipulag@olfus.is fyrir lok vinnudags þann 13. apríl 2022.

Samþykkt sveitarstjórnar á skipulagstillögu fyrir Auðsholt í Ölfusi.

Deiliskipulagstillaga fyrir Auðsholt í Ölfusi var til umfjöllunar eftir auglýsingu á fundi bæjarstjórnar Ölfuss þann 4. febrúar síðastliðinn. Samþykkt var að ganga frá málinu með auglýsingu í B-deild stjórnartíðinda í samræmi við 3. málsgrein 41. greinar og 1. málsgrein 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Gunnlaugur Jónasson, skipulagsfulltrúi

Vilt þú vinna á líflegum vinnustað?



N1 Hvolsvelli óskar eftir að ráða kraftmikið og þjónustulipurt starfsfólk til sumarstarfa. Þjónustustöðin okkar er fjórugur vinnustaður sem iðar af mannlífi frá morgni til kvölds. Unnið á vöktum.

Helstu verkefni:

- Almenn afgreiðsla
- Þjónusta við viðskiptavinum
- Önnur tilfallandi verkefni á stöðinni

Menntun- og hæfniskröfur:

- Reglusemi og stundvísi áskilin
- Samskiptafærni og þjónustulund
- Reynsla af sambærilegu starfi er kostur

Fríðindi í starfi

- Aðgangur að Velferðarþjónustu N1
- Afsláttarkjör hjá N1, Krónunni og ELKO
- Styrkur til heilsuefingar
- Sumarstarfsfólk fær glaðning í lok sumars

Umsækjendur þurfa að vera liprir í samskiptum og eiga auðvelt með að vinna í hóp.

Nánari upplýsingar um starfið veitir **Jenný Björgvinsdóttir**, stöðvarstjóri, í síma **487 8197** eða jennyb@n1.is

Áhugasamir saki um á www.n1.is – merkt **Hvolsvöllur**

440 1000 n1.is



N1 ALLA LEIÐ

FUNDIR

**KRABBAMEINSFÉLAG
ÁRNESSÝSLU**
Símatími alla virka daga
frá kl. 13:00 til kl. 16:00
sími 788 0300.

Al-Anon Selfossi
Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

Al-Anon
Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA
Mán. kl. 19 - PPG opinn fundur
Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Mið. kl. 21 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur
Sun. kl. 11 - AA fundur
Sun. kl. 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

AA Sporgöngufólk f. alla
Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla
Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA
Áttu erfið með að hætta að
borða? OA 12 spora fundir
Overeaters Anonymus alla
þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA
Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga
kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

Leiðin út á þjóðveg
Fundir í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, efri
hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

FÉLAGSSTÖRF



OPIÐ HÚS

Fimmtudag 3. mars verður
söngur og gleði sem Helgi
Hermans og jafnvel Óli
Bach standa fyrir.
Kaffi og meðlæti að hætti
Bjartmars hefst kl 14:45.

SKRIFSTOFA FEBSEL

er opin eftir hádegis
fimmtudögum.

HEILSUEFLING 60+

í Selfosshöllinni
þriðjudaga og fimmtudaga
kl. 9:30 og 10:30.

KIRKJUR

Selfosskirkja
Fjölskyldumessa sunnudaginn
6. mars kl. 11:00. Barna- og
Unglingakórar Selfosskirkju
syngja, stjórnendur eru Edit A.
Molnár og Kolbrún Berglind
Grétardóttir. Umsjón með stund-
inni hafa Gunnar Jóhannesson
og Sjöfn Þórarinsdóttir. Ungl-
ingakórinn verður með kleinu-
sölu og rennur ágóðinn í ferða-
sjóð kórsins.

Morgunbænir þriðju-, mið-
viku- og fimmtudaga kl. 9:15.
Kyrrðarstund miðvikudaga kl.
17:00.

Hraungerðiskirkja

Messa sunnudaginn 6. mars kl.
13:30. Kirkjukórinn syngur, org-
anisti Guðmundur Eiríksson,
prestur Gunnar Jóhannesson.

Eyrarbakka kirkja

Samvera með börnun, sunnu-
dagaskóli, laugardaginn 5. mars
kl. 11:00.

Hveragerðiskirkja

Fjölskylduguðsþjónusta kl. 11.
Barnakórinn syngur í fyrsta sinn
í guðsþjónustu undir stjórn
Unnar Birnu Björnsdóttur, einnig
leiðir kirkjukórinn safnaðarsöng.
Organisti er Miklós Dalmay.
Prestur sr. Ninna Sif Svavars-
dóttir. Að guðsþjónustu lokinni
er fundur með foreldrum ferm-
ingarbarna.

Skarðskirkja

Kvöldguðsþjónusta verður sun.
6. mars, kl. 20.00 fyrir sóknar-
börn í Fellsmúlaprestakalli í
tengslum við heimsókn biskups
Íslands Agnesar Sigurðardóttur.
Kaffiveitingar að athöfn lokinni.

Aðventistar

Safnaðarheimili aðventista,
Eyravegi 67, Selfossi, 5. mars.
Bíblíulexíur kl. 11, umfröllumar-
efnið er Hebreabréfið og guðs-
þjónusta kl. 12. Verið velkomin.

Stóra-Núpskirkja

Guðsþjónusta sunnudaginn 6.
mars kl. 11. Félagar úr kirkju-
kórnum leiða sönginn undir
stjórn Þorbjargar Jóhannsdóttur
organista. Allir hjartanlega vel-
komnir! Sóknarprestur

Hrunakirkja

Kvöldmessa miðvikudaginn 9.
mars kl. 20 í tilefni af vísitásiu
biskups Íslands, frú Agnesar M.
Sigurðardóttur. Biskup þjónar
ásamt sóknarpresti og kirkju-
kórnum prestakallsins. Organistar
eru Stefán Þorleifsson og
Þorbjörg Jóhannsdóttir. Allir
hjáttanlega velkomnir.

Mosfellskirkja

Öskudagsmessa kl. 20 miðviku-
dag 2. mars. Sr. Kristján Björns-
son og sr. Bolli Pétur Bollason.
Föstumessa hvert miðvikudags-
kvöld í mars.

Skálholtsdómkirkja

Föstumessa kl. 11 sunnudaginn
6. mars. Jón Bjarnason organ-
isti. Sr. Kristján Björnsson.

Torfastaðakirkja

Fötumessa kl. 14. Organisti Jón
Bjarnason og prestur sr. Kristján
Björnsson.

ÞJÓNUSTA

BR FLUTNINGAR

S. 662 1122
Daglegar ferðir
SELFOS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

ICECOOL

Bifreiða- og breytingaverkstæði
Gagnheiði 51, Selfossi
Sími 482 1361 - gunni@icecool.is

KJARNABÓKHALD

Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

Hjá Maddý ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

A.O. VERKTAKAR

Nýsmíði,
endurbætur
og viðgerðir.

Alhliða
byggingaþjónusta.

Sími 761 8055
aoverkt@gmail.com

DAGSKRÁIN

DFS.IS

**Viltu vekja athygli
á Suðurlandi?**

Hafðu samband
og fáðu tilboð
í auglýsingar

Sími 482 1944
auglysingar@dfs.is

Guðmundur Ármann býður sig fram í 2. sæti

Fyrirsjáanleiki

Við þurfum fyrirsjáanleika.
Þegar hann skortir kemur
óöryggi. Ákvarðanir sem teknar
eru af góðum vilja verða rangar,
uppbygging verður án sam-
hengis, verður dýrari og tæki-
færi tapast.

Við þurfum öll fyrirsjáan-
leika í leik og starfi.

Íbúar á Eyrarbakka og
Stokkseyri þurfa fyrirsjáanleika
varðandi uppbyggingu á skóla.
Foreldrar, nemendur, kennarar
og starfsfólk þurfa fyrirsjáan-
leika. Hvar eiga nemendur að
stunda nám næsta haust.

Hestamenn á Selfossi þurfa
fyrirsjáanleika. Hvar eiga hesta-
menn á Selfossi að fá rými til
framfararuppbyggingar. Upp-
bygging reiðvega, á það að vera
bútasamur og breytingar eða
fyrirsjáanleiki og markviss upp-
bygging.

Foreldrar og framkvæmda-
aðilar á Selfossi þurfa fyrir-
sjáanleika varðandi uppbyggingu
á leik- og grunnskólum. Slík
uppbygging á ekki að vera
kostnaðarsöm skyndiákvörðun
þegar allt er löngu sprungið.
Uppbygging á að vera skipulögð
hið minnsta 10 ár fram í tímann.
Íbúaspá, áætlanir sveitarfélags-
ins og aðalskipulag á að veita
fyrirsjáanleika.

Íbúar á Eyrarbakka og
Stokkseyri, þurfa fyrirsjáan-
leika. Hvenær verður ljósleiðari
lagður í bæði þorp. Staðan í dag
er hamlandi á uppbyggingu,
dregur úr lífsgæðum íbúa og
tækifærum. Íbúar á Eyrarbakka
og á Stokkseyri þurfa fyrirsjáan-
leika.



Verktakar þurfa ekki að
heyra; „uppbygging hefur verið
of hröð og við þurfum að hægja
á“ og svo stuttu síðar; „jú, við
höldum bara þessari miklu upp-
byggingu áfram og reynum að
bregðast við þrátt fyrir allt...“
Verktakar þurfa fyrirsjáanleika.

Iðnfyrirtæki þurfa fyrirsjáan-
leika, hvar er iðnfyrirtækjum
ætlað áhugavert og viðeigandi
svæði til framtíðaruppbygg-
ingar.

Með fyrirsjáanleika verður
Árborg enn áhugaverðari staður
fyrir ný fyrirtæki til að flytja
starfsemi sína í sveitarfélagið.

Með fyrirsjáanleika förum
við betur með skattfé, við sköp-
um öryggi, við fjölgum tæki-
færum og aukum lífsgæði.

Guðmundur Ármann,
höfundur sækist eftir
2. sæti á lista í prófkjöri
Sjálfstæðisflokksins.

HEILSA

Nudd –
Svæðanudd

Dáleiðsla

Augnlestur og
heilsuráðgjöf

Einföld en áhrifarík
ráð við ýmsum
heilsuvandamálum

Alla fimmtudaga í Heilsulindinni
Miðgarði, Austurvegi 4, Selfossi.

Heiðar Ragnarsson
Sími 898 1501

Energy Touch
- Nudd
- Heildræn
meðhöndlun

Yoga nidra
djúpslökun byrjar
7. og 9. mars
thesunflower.is

Ragnhildur
Sigurðardóttir
farsími
693 2197

Cand.mag. í íþróttáfræðum,
nálastungur, yoga,
NLP-master/coach,
nuddmeistari,
Hugræn atferlismeðferð,
meta medicine.

FUNDIR

Vöflukaffi

Vegna jarðarfarar Haraldar
Sveinssonar fellur
vöflukaffi niður 5. mars.
Innilegar samúðarkveðjur
til aðstandenda.

BÍLAR



Gagnheiði 11
800 Selfossi
Sími 482 2200
GSM 894 2277
Fax 482 2777

Yfirbyggingar - Réttingar
Bilamálun - Rúðuskipti

KIETTUR

Bifreiðaverkstæði
Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi

Þjónustuskóðanir Heklu-bifreiða og
almennar bílaviðgerðir.



Hjólástillingar
Dekkja- og smurþjónusta
Sími 482 4069

Óður til Árborgar

Hugvekja til allra þeirra sem láta sig hagsmuni barna sveitarfélagsins varða.

Í 2. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna segir:

„... Aðildarríki skulu virða og tryggja hverju barni innan lögsögu sinnar þau réttindi sem kveðið er á um í samningi þessum, án mismununar af nokkru tagi...”

Jafnframt segir í 3. gr. Barnasáttmálans:

„... Það sem barni er fyrir bestu skal ávallt hafa forgang þegar félagsmála-stofnanir á vegum hins opinbera eða einkaaðila, dómstólar, stjórnvöld eða löggjafarstofnanir gera ráðstafanir sem varða börn.”

Með þetta tvennt í huga sem og umræðuna um skólamálin við ströndina, samdi ég litla sögu sem ég vona að veki fólk til umhugsunar:

Fótatökin mynda skruðning í skelja-sandinum. Skruðning sem sameinast tónum hafsins þegar öldurnar snerta landið – breiða úr sér – eins og silki-mjúka lakið hennar ömmu sem hékk úti á snúru að vori og flögraði um í golunni.

Sjávargolan strýkur kinnar mínar og hleypir frísku lofti í huga og sál. Ég nýt þess að horfa á þetta stórkostlega náttúru-verk á meðan ég geng í fjörunni. Stokks-eyrarfjara. Þvílík gersemi. Sólin heldur við öxl mína og ég finn hjartað fyllast af þakklæti.

Við finnum stað þar sem skeljar og þari verða að kransi úr listasmiðju barna minna. Krabbar fá hótél og hóteltjórarnir hásæti þar sem kakómjólk og kleina er lúxusmálitið dagsins.

Mikið er ég lánsöm að búa hérna. Mikið er ég lánsöm að geta alið upp börnin mín hér á þessum friðsæla stað í námunda við þetta ævintýraland sem fjaran er. Það leynist ýmislegt í hrauninu ef ímyndunaraflíð fær að njóta sín.

Það er ekki bara fjaran sem ég er þakklát fyrir. Þorpið er lítið og friðsælt. Barnvænt í þeim skilningi að hér er lítil umferð og stutt í næsta hús. Hér er lítil og krúttleg sundlaug sem æ fleiri sækjast í – ekki bara þorpsbúar – heldur fjöl-skyldufólk búsett í Árborg sem er farið að meta kosti laugarinnar í enn meira mæli en áður. Hér er vatnið Löngudæl sem býður upp á Kajak-róður að sumri og skautuferðir að vetri. Hér eru göngu-



leiðir í orkumikilli víðáttunni! Krafturinn frá Knarrarósvita. Skóglendi hjá Kríunni þar sem hægt er að fara í lautaferðir og berjatíslu á haustin. Göngu- og hjóla-stígur yfir Hraunsárbrú og alla leiðina að Eyrarbakka.

Eyrarbakki. Sá dásæmdar staður. Gömlu húsin leiða mann til fornra tíma og rómantíkin er allsráðandi. Mig dreymir um að eignast hús á Eyrarbakka einhvern tíman. Í þessum fallega, gamla stíl. Hvítar blúndugardínur, reitarskiptir viðargluggar. Nýtúndur blómvöndur úr garðinum á eldhúsbörðinu. Ég keyri í gegnum þorpið oft í viku og tilfinningin er alltaf jafn notaleg. Tala nú ekki um þegar jörðin er hvít og húsin skreytt jóla-ljósum. Eyrbekkingar eru heppnir. Fjöl-skylduvænt þorp sem býður upp á marga möguleika.

Í báðum þorpunum eru verslanir – vel reknar með persónulega þjónustu. Þær hafa nýst manni vel þegar búðarferð á Selfoss kemst ekki fyrir í dagskipulaginu.

Selfoss. Sú kraftmikla byggð. Uppbyggingin sem hefur átt sér stað þar á undanfórnum árum er aðdáunarverð. Mannlíf og menning. Fjölbreytt þjónusta fyrir íbúa sveitarfélagsins. Íþróttastarf í hæsta gæðaflokki. Algjörlega til fyrir-myndar. Börnin sem alast upp þar eru heppin í þeim skilningi að framboð á frístundastarfi er mikið og í göngufæri í flestum tilvikum. Ungir og gamlir hafa greiðan aðgang að heilsuefandi umhverfi; sundlaug, íþróttamannvirki og fjölbreyttar gönguleiðir. Hellisskógur. Þvílík paradís. Lyktin frá trjánum, krafturinn frá Ölfusa. Kanínur í felum.

Árborgarstrætó gerir enn fleirum kleift

að geta sótt þjónustu á Selfoss. Hann gefur líka íbúum Selfoss möguleika á að ferðast til þorpanna við ströndina og njóta útivistarmöguleikanna sem þar eru í boði. Frítt. Takk. Þetta eru forréttindi.

(.....) Ég tek í mynsturskreyttan hurðarhúnninn og loka á eftir mér. Lít inn um eldhúsgluggann til að athuga hvort ég hafi ekki munað eftir að slökkva ljósið, staldra svo við og virði fyrir mér litla draumahúsið sem nú er mitt.

Ég fyllist sátt. Sólin heldur við öxl mína og leiðir mig í átt að hjólinu sem kemur að góðum notum því fótatökin eru orðin heldur hæg. Golan strýkur mér á kinn á meðan ég hjóla um í þorpinu. Eyrarbakki. Þar sem friðsældin er mikil og umferðin lítil. Ég heyri barnahlátur ekki svo langt undan. Áhyggjulaus æskan á leið í skólann. Gangandi. Fjölskyldunum hefur aldeilis fjölgað frá því ég var ung móðir með börn á skólaaldri.

Ég held áfram að hjóla, tek mér pásu hjá hestunum og aftur á Hraunsárbrú – held áfram – legg hjólinu og fer í sund. Stokkseyri. Gamla þorpið mitt sem mér þykir svo vænt um. Sundlaugarvörðurinn réttir mér lítinn kaffibolla og ég á notalega stund í heitu vatninu. Úff, hjólreiðaferðin tók á. Það verður gott þegar sundlaugin sem nú er í byggingu á Eyrarbakka, verður tilbúin – aldrei að vita nema ég leyfi mér þá að labba í sund.

Ég sæk barnabarnið í skólann og við hjólum saman heim á Bakkann. Við ætlum í menningarferð á Selfoss þegar hún er búin á handboltaæfingu. Með Árborgarstrætó. Lífið er gott og ég er þakklát. Þakklát fyrir að tréin voru vökvuð þegar lafin voru byrjuð að fölna;

Þakklát sveitarfélaginu sem hlustaði á þorpsbúana þegar baráttan um skólamálin við ströndina stóð sem hæðst. Aðstaða til náms og íþróttakennslu er til fyrirmyndar í báðum þorpum.

Þakklát sveitarfélaginu fyrir að hafa Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi í ákvarðanatöku og forgangsröðun verkefna svo öll börn njóti jafnréttis. Mismunum og vanræksla af hálfu sveitarfélagsins heyrir nú sögunni til.

Þakklát sveitarfélaginu fyrir að koma á samstarfi á meðal íþróttafélaga innan þess, svo öll börn fái fjölbreytt frístundaframboð í grend við heimili þeirra.

Þakklát fyrir að sveitarfélagið er Heilsuefandi samfélag sem hefur það að markmiði að stuðla að heilsuefandi

umhverfi og vellíðan fyrir alla íbúa þess. Óháð aldri. Óháð búsetu. Alltaf.

Ég leggst á koddann eftir góðan dag, þakklát fyrir að hafa heilsu til að geta boðið barnabarninu í ömmudekur endrum og eins. Ég hjúfra mig undir dúnmjúka sængina við hlið eiginmanns míns – sem á sínum tíma kynnti mig fyrir þessari dásamlegu strönd. Brimið endurtekur vögguvísuna frá kvöldinu áður og við lognumst útaf.

Góða nótt.

Fyrri hluti sögunnar er sannsögulegur, seinni hlutinn skáldskapur út frá óskhyggju höfundar.

Kæru íbúar Árborgar, bæjarstjórn og aðrir ábyrgðaraðilar í skólamálu sveitarfélagsins

Það þarf heilt samfélag til að ala upp barn. Það eru kannski fáir sem vita það, en okkur er öllum skylt að fylgja ákvæðum Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Við sem samfélag eigum að tryggja að öll börn njóti sömu réttinda án nokkurrar mismunar og hvet ég ykkur eindregið til að kynna ykkur sáttmálann ef þið hafið ekki gert það nú þegar. Einnig er rétt að koma því á framfæri að það er á ábyrgð sveitafélaga að tryggja börnum viðunnandi skólahúsnæði, en samkvæmt 5. gr. laga um grunnskóla er rekstur almennra grunnskóla á ábyrgð og kostnað sveitarfélaga. Sveitarfélög bera ábyrgð á heildarskipan skólahalds í grunnskólum sveitarfélagsins, þróun einstakra skóla, húsnæði og búnaði grunnskóla, sérúræðum grunnskóla, [skólaþjónustu], 1) mati og eftirliti, öflun og miðlun upplýsinga og á framkvæmd grunnskólastarfs í sveitarfélaginu. Jafnframt segir í 13. gr. laga um grunnskóla að: Allir nemendur grunnskóla eiga rétt á kennslu við sitt hæfi í hvetjandi námsumhverfi í viðeigandi húsnæði sem tekur mið af þörfum þeirra og almennri vellíðan. Út frá þessu má leiða að Sveitarfélagið Árborg hefur sofið á verðinum varðandi skólaaðstöðu á ströndinni þrátt fyrir viðvörunarbjöllur þorpsbúa til margra ára. Viðvörunarbjöllur þessar má lesa í gömlum fundargerðum bæjarstjórnar áratugi aftur í tímann.

Nú er kominn tími til að bæta upp fyrir mistök.

Gangi ykkur vel!

Með virðingu og vinsemi,
Tinna Björg Kristinsdóttir,
3 barna móðir búsett á Stokkseyri

Gleði og keppnissskap í Menntaskólanum á Laugatravatni

Fimmtudagskvöldið 3. febrúar ákvað stjórn Mímis að skipuleggja feluleik úti um allan skólann þar sem markmiðið var að halda viðburð sem allir nemendur gátu tekið þátt í. Margir krókar og kimar eru innan skólans og voru þeir nýttir til fulls. Feluleikurinn var mjög vel sóttur og ríkti mikil gleði og keppnissskap meðal nemenda. Stemningin var góð og ómaði tónlist um allan skólann. Nemendafélagið er mjög þakklátt fyrir það að loksins sé hægt að koma félagslífinu á skrið og stefnum við á að gera enn fleira skemmtilegt á komandi tíð.

-ML





Hjörtur Októ Aðalsteinsson, dómsstjóri við Héraðsdóm Suðurlands, tekur við viðurkenningarskjali SFR - stéttarfélags í almannajónustu við val á Stofnun ársins 2014, einu sinni sem oftar.

Tímamót við Héraðsdóm Suðurlands

Hjörtur Októ Aðalsteinsson lét um síðustu mánaðamót af starfi sem dómari við Héraðsdóm Suðurlands sem hann hefur gegnt frá ársbyrjun 2004, lengstum sem dómsstjóri. Hjörtur varð sjötugur 27. febrúar sl.

Hjörtur útskrifaðist úr laga-deild Háskóla Íslands árið 1977 og hóf þá strax störf sem fulltrúi við sakadóm Reykjavíkur. Hann varð sakadómari 1989 og við dómstólabreytinguna 1992 þegar héraðsdómstólarnir voru stofnaðir tók hann við starfi sem héraðsdómari við Héraðsdóm Reykjavíkur. Í ársbyrjun 2004 hóf hann störf við Héraðsdóm Suðurlands, varð dómsstjóri þar í ársbyrjun 2006 og gegndi því

embætti til 1. ágúst 2021 þegar Sigurður Gísli Gíslason, núverandi dómsstjóri, tók við keflinu. Þá var Hjörtur settur dómari við Landsrétt í hálf t. á árinu 2020.

Við starfslok er Hjörtur sá starfsmaður dómstólanna íslensku sem lengstan starfsaldur hefur, eða tæp 45 ár.

Starfsferill Hjartar hefur verið afar farsæll. Eftir að SFR – Stéttarfélag í almannajónustu hóf vinnustaðakannanir og valdi Stofnun ársins hefur Héraðsdómur Suðurlands þrisvar hlotið þann heiðurstítl auk þess sem Hjörtur hefur ítrekað fengið hæsta skor fyrir stjórnun meðal forstöðumanna ríkisstofnana yfir landið allt. Þá hefur Hjörtur

verið í fararbroddi þeirra dómara sem eiga samstarf við Barnahús, en þetta samstarf hans hófst strax við stofnun þess. Hirti hefur margoft verið boðið sem fyrirlesara á viðburði á Evrópuvettvangi þar sem fjallað hefur verið um reynsluna af Barnahúsi, sérstaklega frá sjónarhóli dómskerfisins.

Hjörtur er kvæntur Hildi Jónsdóttur, verkefnisstjóra Sigurhæða, þjónustu við þolendur kynbundins ofbeldis á Suðurlandi og eiga þau samtals fimm börn og fimm barnabörn.

Einar Karl Hallvarðsson, fráfandið ríkislögmaður, tók við embætti sem dómari við Héraðsdóm Suðurlands 28. febrúar sl.

FROST
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

expert kæling
Sími 660 2970
Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápavíðgerðir - Almennar raflagnir

prentmet
heilðarlausnir í prentun
Sími 482 1944
selfoss@prentmetoddi.is

D-H BÓKHALD
✓ Bókhaldsþjónusta
✓ Skattskil
✓ Stofnun fyrirtækja
✓ Framtöl og ársreikningar
✓ Fyrirtækjaráðgjöf
Dagbjört Hannesdóttir
MACC í viðskiptafræði
dhbokhald@gmail.com
s. 6933708

Jiibbiíi
Siggafærðir
- Flutningaþjónusta -
Selfoss - Reykjavík f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss
Hella - Hvolsvöllur
Sími 772 6010

BRAC AF VINÁTTU!
Fæst hjá BYKO Selfossi

Hjólbarðapjónusta Magnúsar
Gagnheiði 25 - Sími 482 2151
HM
Hjólbarðar
Betri vörur - betra verð

Rétting og málun
Vottað rétttingaverkstæði
Cabas tjónaskoðun
Breiðumýri 1, Selfossi
☎ 480 8020

Bílasprautun - Bílaréttingar - Bílrúðuskipti
Bilverk BA
Þar sem fagmennirnir vinna
★★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

Gerðu þín eigin fermingarboðskort á hönnunarvefnum okkar
honnun.prentmetoddi.is
Inni á hönnunarvefnum okkar getur þú t.d. útbúið **kort, dagatöl** og **myndabækur**
prentmet
heilðarlausnir í prentun

ÖKULAND
Meirapróf
Endurmenntun
Akstursþjálfun
okuland.is

VÉLSMÍÐJA SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980
Efnissala Rennismiði Innréttingar Járnsmiði
Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

Lagnaþjónustan ehf
Pípulagnir - Efnissala
482 2311 ☎ 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

FYLGD
Útfaraþjónusta
Gísli G. Guðmundsson Svanhildur Eiríksdóttir Elfar F. Sigurjónsson
Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar
Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is

HEYRN
HEYRNARÞJÓNUSTA
534 9600
www.heyryn.is

NÝTT
Vinnuvélanámskeið á netinu!
www.vinnuvelaskolinn.is